

Reikningsskilaráð ríkisins

48. Fundur – 15. október 2020 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.
- Á vegum Hagstofunnar tók Gunnar Axel einnig þátt í fundinum.
- Fundurinn fór fram á Teams.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 47. fundar samþykkt.

2. Erindi til ráðsins

Farið var yfir drög að svari við erindi til ráðsins frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um flokkun og starfsemi HMS og ÍL sjóðs.

3. Frestun staðla

Við gerð ríkisreiknings 2019 heimilaði reikningsskilaráð frestun á innleiðingu nokkurra staðla. Í bókun ráðsins sl. vor kom m.a. fram að fyrir 1. nóvember nk. eigi fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins að leggja fram tímasetta áætlun fyrir reikningsskilaráð um hvernig unnið verður að því að uppfylla kröfur frestaðra staðla. Á næsta fundi verður fjallað um áætlun FJR og FJS um innleiðingu frestaðra staðla.

4. Nýir staðlar

Rætt um nýja staðla sem Alþjóða reikningsskilaráðið fyrir opinbera aðila (IPSASB) er að vinna að útgáfu á. Þar er um að ræða 3 nýja staðla sem taka til tekna án endurgjalds (Revenue without performance obligation), staðal vegna tekna af viðskiptum (Revenue with performance obligation) og staðal um tilfærsluútgjöld (Transfer expenses).

5. Önnur mál.

Rætt var um vinnuhóp á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hagstofu Íslands, Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar sem mun meta væntanleg áhrif á ríkisfjármálin vegna endurflokkunar B- og C-hluta ríkisaðila í A-hluta.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl. 10:15

Næsti fundur verður á Teams miðvikudaginn 4. november kl. 09:00